



**Skrá um sérstæða eða vistfræðilega mikilvæga
birkiskóga og leifar þeirra
sem kveðið er á um í 61. grein náttúruverndarlaga, nr. 60/2013**

júní 2025



Land og skógur

Höfundar:

Land og skógur

Bjarki Þór Kjartansson

Hrefna Jóhannesdóttir

Hreinn Óskarsson

Pétur Halldórsson

Ruth Guðmundsdóttir

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Þorbergur Hjalti Jónsson

Forsíðumynd úr Bæjarstaðaskógi:

Pétur Halldórsson

Inngangur

Afmörkun og skráning birkiskóglendis sem nýtur sérstakrar verndar er lögbundið hlutverk Lands og skógar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 með síðari breytingum og einnig samkvæmt lögum um skóga og skógrækt, nr. 33/2019.

Í b-lið 1.mgr. 61. gr. laga 60/2013 segir um þá skóga sem sérstakrar verndar skuli njóta: „... *sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.*“ Ákvæðið er skýrt nánar í greinargerð með lagafrumvarpinu. Þar segir (um b-lið 1.mgr. 61.gr.): „*Með birkiskógum er hér átt við þá skóga sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga. Birki er ein af fáum náttúrulegum trjategundum á Íslandi og teljast birkiskógar til lykilvistkerfa á Íslandi.*“ Enn fremur segir í greinargerðinni: „*Besta leiðin til að vernda erfðalindir íslenska birkisins er að stuðla að náttúrulegri útbreiðslu þess og varðveita leifar gamalla birkiskóga og erfðaefni þeirra.*“

Í a-lið 2. gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að markmið verndar fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir sé „... *að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.*“ Í þessum markmiðum, ákvæðum b-liðar 1. mgr. 61. gr. laga 60/2013 og greinargerð með lögunum felst tilgangur sérstakrar friðunar birkiskóga sem eiga órofa þróunarsögu í landinu. Í lagaákvæðinu og greinargerð með lagafrumvarpinu er tilgreind afmörkun sem getur einungis átt við fornt birkiskóglendi eða birki sem hefur breiðst út á opið land fyrir mjög löngum tíma. Í greinargerð með breytingatillögu frá 2015¹ var lagt til að breyting yrði gerð á lögunum þannig að ljóst væri að það væru „... ekki allir birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðinu heldur sé um að ræða sérstæða og vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra“.

Skógur með náttúrulegri endurnýjun, náttúrulegri aldursdreifingu og gömlum trjám vísar til náttúruskógar í sífelldri hringrás vaxtar, dauða og endurnýjunar trjána. Skógurinn þarf því bæði að vera sjálfsprottinn og gamalgróinn. Til að ná þessu marki þarf elsta kynslóð sjálfsáinna trjáa að vera ellihrum og að mestu fallin og ný sjálfsprottin tré vaxin upp í þeirra stað. Í rannsókn frá árinu 1987 reyndist miðgildisævilengd birkitrjáa í náttúrulegum íslenskum birkiskógum á bilinu 32 til 56 ár, lægri í kjarri en hæst í hávöxnu skóglendi. Við 80 ára aldur reyndust miðgildislífslíkur eftirlifandi trjáa á bilinu 8 til 15 ár en í öllum skógargerðum fundust tré um og yfir aldargömul og stöku tré var töluvert eldra. Að

¹ <https://www.althingi.is/altext/145/s/0140.html>

framansögðu þarf birkiskógur eða birkikjarr að vera hið minnsta 50-100 ára til að njóta sérstakrar verndar samkvæmt b-lið 61. gr. laga 60/2013.

Hafa verður í huga að afmörkun birkiskóga sem njóta sérstakrar verndar er endanleg. Eina undantekningin væri leiðrétting á villum. Í 1. gr. laga um skóga og skógrækt, nr. 33/2019, segir: „Markmið laga þessara er „að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra, ...“. Til að ná þessu markmiði er mikilvægt að nýir birkiskógar færist ekki í flokk sérstakrar verndar enda getur slík verndun verið þyngjandi fyrir landeigendur. Færðust nýir sjálfsánir birkiskógar sjálfkrafa í verndarflokk hefðu landeigendur hvata til að hindra útbreiðslu birkis á landi sínu, t.d. með óhóflegri beit.

Tilnefningar Lands og skógar á lista sérstæðra birkiskóga

Land og skógur hefur afmarkað tíu skóga í þessum fyrsta lista yfir sérstæða birkiskóga. Þessar fyrstu tillögur stofnunarinnar eru nokkuð dreifðar milli landshluta. Heildarflatarmál svæðanna er 7.396 hektarar af skógi og kjarri; það eru um 5% af flatarmáli birkiskóga á Íslandi. Tillögurnar eru unnar með hliðsjón af aldri skóga og sérstaklega er horft til svæða sem eru landfræðilega einangruð eða afskekkt en einnig svæða sem stendur ógn af uppblæstri og beit. Þar sem rannsóknir skortir á lífríki einstakra birkiskóga er ekki hægt að fullyrða um vistfræðilega sérstöðu hvers og eins. Helstu gögn sem notuð voru við mat á aldri skóganna voru:

Uppdráttur Björns Gunnlaugssonar af Íslandi sem gerður var upp úr mælingum hans frá árunum 1831 til 1843 og Hið íslenska bókmenntafélag gaf út í Kaupmannahöfn árið 1849.

Svokölluð herfingjaráðskort af Íslandi sem unnin voru í upphafi 20. aldar.

Birkikortlagning sem framkvæmd var af Skógræktinni og lauk árið 2015.

Af þeim tíu svæðum sem hér eru tilnefnd eru sex í einkaeigu. Land og skógur vill vinna að verndun og friðun í samvinnu við eigendur og umráðendur landsins.

Stefnt er að því að bæta við listann fleiri birkiskógum í fyllingu tímans og hefur stofnunin Land og skógur skipað vinnuhóp sem sinnir því starfi.

Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu um sérstæða birkiskóga.²

Öll gögn og kort eru birt með fyrirvara um villur.

² <https://island.is/s/land-og-skogur>.

Birkikjarr við Hvítárvatn á Biskupstungnafrétti


Tilgangur friðunar er að varðveita leifar upprunalegs birkivistkerfis og stuðla að náttúrulegri útbreiðslu þess. Helsta ógnin við birkiskógana á svæðinu er uppblástur enda eru skógartorfur umluktar rofa-börðum. Birkileifarnar eru landfræðilega einangraðar frá öðrum skógum, langt inn til landsins, um 25 km frá næstu birkiskógum.

Samkvæmt skógarskrá þekur birkiskóglendið 42 hektara lands frá norðurbakka Hvítárvatns við Karlsdrátt að sunnanverðum undirhlíðum Hrefnubúða.

- Gamlar skógarleifar sem stafar ógn af uppblæstri.
- Eignarhald: Þjóðlenda.



Land og skógur



Sources: Esri, DeLorme, Garmin, FAO, NOAA, USGS, © OpenStreetMap contributors, and the GIS User Community; Mapbox

Birkikjarr við Hvítárvatn



- Birkiskógar með sérstaka vernd
- Aðrir birkiskógar

Mkv: 1:56.000
Dagsetning: 19. maí 2025

Hafursey, Mýrdalshreppi

Birkileifar við Hafursey hafa sögulegt gildi því fyrsta tilraun til skógfriðunar á Íslandi var gerð þar í byrjun nítjándu aldar. Skógartorfurnar eru mikilvæg fræuppspretta fyrir útbreiðslu birkis á Mýrdalssandi, t.d. í kjölfar Kötluhlaups. Flatarmál birkis við Hafursey er 30 hektarar. Gamlar leifar staðfestar á korti Björns Gunnlaugssonar 1844.

- Mjög takmarkað flatarmál skóglendis sem stafar ógn af jarðvegsrofi, jarðvá og beit.
- Eignarhald: Í einkaeigu.



Land og skógur




Software: GoogleEarth, Sentinel-2, Sentinel-1, RSG, NOAA, USGS, © OpenStreetMap contributors, and the GIS User Community

Núpsstaðaskógur, Skaftárhreppi

Afskekkt og fáfarið svæði, mikilvæg fræuppspretta fyrir framvindu skóga á vestanverðum Skeiðarársandi. Heimildir eru um mikil skógarsvæði þar árið 1844. Því má ætla að um gamalgróið vistkerfi sé að ræða. Flatarmál skóglendis er 489 hektarar upp með Núpsá, frá Lómagnúpi í suðri að Skessu-
torfum í norðri.

- Helstu ógnir eru breytt landnýting og beit.
- Eignarhald: Í einkaeigu.

Land og skógur




Skyndidalur og Kollumúli í Lóni

Samkvæmt úttekt Friðþórs Sófusar Sigurmundssonar er skógurinn að eyðast, sennilega vegna of-beitar. Í Skyndidal er mikið af skógartorfum með gömlum trjám en mjög lítil endurnýjun skógar. Hætta er á að skógurinn eyðist með öllu ef ekkert verður að gert. Afskekktur birkiskógur sem væri einfalt að friða fyrir beit í samvinnu við umráðamenn landsins. Skógurinn þekur 481 hektara og er að langmestu innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Enginn skógur sést þarna á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar en leifar á dönsku herforingjaráðskortunum. Útbreiðsla birkiskóganna hefur dregist verulega saman frá því sem sést á dönsku kortunum.

- Friðlýstur með auglýsingu samkvæmt heimild í 24. gr. laga um náttúruvernd 47/1971 og auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 31/1977. Þar er sérstaklega lögð áhersla á „að misbjóða ekki beitarþoli afrétta og hlífa kjarri og skóglendi eftir föngum".³
- Eignarhald: Í einkaeigu.

Land og skógur



Skyndidalur í Lóni



- Birkiskógar með sérstaka vernd
- Aðrir birkiskógar


Mkv: 1:99.000
Dagsetning: 19. maí 2025

³ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/lonsoraefi_31_1977.pdf.

Ytra-Fljótsgil, inn með Skjálfandafljóti, Þingeyjarsveit

Svæðið er mjög afskekkt, langt frá sjó og í mikilli hæð (rúmlega 500 m.y.s.), eina skóglendið á Sprengisandi. Birkitorfur með ilmreyni og skógargróðri sem sýna hvernig gróðurfar var á svæðinu fyrr á öldum. Skógartorfurnar eru afar sjaldgæf vistgerð á svæðinu í heild og brýnt að vernda þær. Birkileifarnar eru þrír hektarar að flatarmáli.

- Gróðrinum stafar helst ógn af jarðvegsrofi og beit.
- Eignarhald: Þjóðlenda.



Stórhvammur, Langahlíð, Fagrahlíð og Merkigil í Austurdal, Skagafirði

Meðal hæstu fundarstaða birkis á Íslandi (hæst í u.þ.b. 620 m.y.s.) og langt frá sjó. Svæðið er ekki í alfaraleið en ástæða er til að vernda skóginn sem fræuppsprettu til að stuðla að útbreiðslu birkis eftir því sem beit minnkar. Í og við gljúfur Austari-Jökulsár frá Merkigili og suður úr þekur birkiskóglendi 103 hektara lands.

- Vilji er hjá sveitarfélaginu til að vernda svæðið sérstaklega.
- Eignarhald: Þjóðlenda.



Land og skógur

Fagrahlíð, Stórhvammur, Langahlíð og Merkigil í Austurdal



- Birkiskógar með sérstaka vernd
- Aðrir birkiskógar

Mkv: 1:89.000
Dagsetning: 19. maí 2025

Earthstar Geographics, sources: Esri, Airphoto, Geoport, FAO, NOAA, USGS, © OpenStreetMap contributors, and the GIS User Community


Kaldalón og Snæfjallaströnd við Ísafjarðardjúp

Með nyrsta vaxtarsvæði birkis á Vestfjörðum. Skógarkjarr nálægt sjó sem er í mikilli framför vegna breyttra búskaparháttanna. Staðfestur skógur frá 1844 og 1910. Svæðið þekur 822 hektara frá norðanverðu Kaldalóni út með Snæfjallaströnd.

- Friðun skógarkjarrsins gæti verið liður í viðtækari friðun og verndun vistgerða á svæðinu.
- Eignarhald: Í einkaeigu.



Land og skógur



Leirhafnarfjöll og Snartarstaðanúpur á Sléttu norðan Kópaskers


Nyrsti fundarstaður birkis á Íslandi og langt í næsta vaxtarstað tegundarinnar. Lágvaxnar kjarrleifar á víð og dreif á svæði sem er annars mikið rofið. Flatarmál skóga og kjarrs er 247 hektarar frá Klínings-
skarði að Hávarðsvatni.

- Mikilvægar fræuppsprettur.
- Eignarhald: Í einkaeigu.



Land og skógur

Leirhafnarfjöll og Snartarstaðanúpur



Earthstar Geographics; Sources: Esri, DeLorme, Garmin, FAO, NOAA, USGS, © OpenStreetMap contributors, and the GIS User Community

Skaftafell og Bæjarstaðaskógur innan Þjóðgarðs

Forn upprunastaður birkis á svæðinu. Bæjarstaðaskógur er einstakt birkiskógavistkerfi sem inniheldur m.a. mörg gömul tré. Bæjarstaðabirkið er einnig sérstaklega bein- og hávaxið á landsvísu og því mikilvæg erfðaauðlind. Flatarmál skóga og kjarrs er 1.324 hektarar.

- Mikilvæg erfðaauðlind og fræuppspretta fyrir Skeiðarársand og umhverfi.
- Eignarhald: Þjóðlenda/Þjóðgarður.

Land og skógur

Skaftafell og Bæjarstaðaskógur

